

er að vinna þar náttúruspjöll, sem skemma gróður, trufla að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. Náttúruverndarráð setur reglur um meðferð skotvopna. Aðgát skal höfð við alla meðferð elds.

4. Skylt er ferðamönnum að hlíta fyrir mælum gæslumanna friðlandsins. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök atriði.
5. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki Náttúruverndarráðs. Um valdsvið sveitarstjórna hvað snertir mannvirkjagerð og jarðrask fer eftir 17. gr. náttúruverndarlaga og ákvæða skipulagslaga nr. 19/1964 með breytingum, skv. 1. gr. laga nr. 25/1972 og 1. gr. laga nr. 36/1978. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning stærð og gerð mannvirkja háð leyfi ráðsins.
6. Ákvæði 1.—3. liðar reglna þessara hagma ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja hins friðlýsta landsvæðis og skerða ekki heldur heimild þeirra til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu nefndra landsnytja. Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur lands þess sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Til ráðuneytis um stjórn friðlandsins skal skipa fimm manna nefnd og tilnefna Landmannahreppur, Holtahreppur, Rangárvallahreppur, Ferðafélag Íslands og Náttúruverndarráð sinn fulltrúa hver. Fulltrúi Náttúruverndarráðs er formaður nefndarinnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Runólfur Þórarinsson.*


## AUGLÝSING

### um friðland á ströndinni við Stapa og Hellna.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa ströndina við Stapa og Hellna í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og er ströndin friðland.

Til friðlandsins telst eftirfarandi svæði:

Að vestan frá Brúnkolluholti 50 m breitt belti með ströndinni þar til kemur að vegi að Ökrum og Bárðarbúð. Þaðan fylgir beltið veginum, sjávarmegin að Hellnahrauni og síðan suðurmörkum sumarbústaðarlóðar (Hraunhamars) við hraunið og í því. Þá tekur við belti frá ströndinni að línu sem dregin er 100 m norðan hins forna sýsluvegar allt að austurjaðri Hellnahrauns. Eftir það tekur við 50 m breitt belti meðfram ströndinni (sjávarhömrum) að vegi norðan við Eyri og fylgir honum suðvestur að heimreið við Eiríksbúð. Þaðan ræður heimreiðin að Eiríksbúð. Þá tekur við belti 15 m breitt frá ströndinni (sjávarhömrum) talið að læk sem fellur undan Klifhrauni, en eftir það 100 m breitt belti með ströndinni (sjávarhömrum) að Grísafossá.



Ennfremur teljast til friðlandsins sker þau er liggja úti fyrir strönd þessari. Þessar reglur gilda um friðlandið:

1. Mannvirkjagerð og annað jarðrask er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Nýting núverandi húsakosts, útgerðaraðstöðu, túna og hlunninda á friðlandinu helst svo sem verið hefur.
3. Náttúruverndarráð og landeigendur hafa samráð um þau mál sem varða hafnir, lendingu og sjóhús og aðstöðu til útræðis á friðlandinu, svo sem viðhald mannvirkja og umgengni.
4. Umferð gangandi manna um friðlandið er heimil. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður. Þá er óheimilt að tjalda í friðlandinu. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um réttindi og skyldur þeirra sem um friðlandið fara.

5. Náttúruverndarráð stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem hlut eiga að máli, að sögulegum minjum sé við haldið.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Runólfur Þórarinsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir pósthjónustu, nr. 337 6. ágúst 1976.

### 1. gr.

Grein nr. 14 4.1 í reglugerðinni orðist svo:

Burðargjöld fyrir blöð og tímarit eru ákveðin í gjaldskrá fyrir pósthjónustu.

Heimilt er að veita helmingsafslátt af burðagjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð, sem landssamtök stéttarféлага gefa út og blöð, sem fjalla almennt um stjórnsmál, en fjórðungsaflátt fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúsmál.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1979.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217 25. maí 1979, um sama efni.

*Samgönguráðuneytið 14. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

um friðland í Búðahrauni, Snæfellsnessýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa þann hluta Búðahrauns á Snæfellsnesi sem tilgreindur er hér á eftir og með neðanskraðum reglum:

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Búðaós frá sjó og síðan girðing friðlandsins að austan og norðan allt að vesturmörkum lands Félags Snæfellinga og Hnappdæla (samkvæmt afsölum frá 1943, en þinglýst 26. janúar 1944). Síðan fylgja mörk friðlandsins þeim mörkum til sjávar, en eftir það ræður sjávarströnd að sunnan að Búðaósi.